



Fjarskiptastofa  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

Sent með tölvupósti á netfangið [fjarskiptastofa@fjarskiptastofa.is](mailto:fjarskiptastofa@fjarskiptastofa.is)

Reykjavík, 13. október 2021

### **Efni: Umsögn um stefnu Fjarskiptastofu**

Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök atvinnulífsins (SA) (hér eftir „**samtökin**“) vísa til opins samráðs um stefnu Fjarskiptastofu um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits með rekstraraðilum stafrænna grunnvirkja.

Samtökin fagna því að stjórnvöld taki stafrænt öryggi á Íslandi föstum tókum og stuðli að vernd þessara mikilvægu innviða. Þá fagna samtökin því að Fjarskiptastofa leggi áherslu á samráð og samstarf við hagsmunaaðila. Innan raða SI eru fyrirtæki sem búa yfir sérþekkingu á málefnum og geta aðstoðað við að umgjörð um eftirlit með netöryggi og fjarskiptum sé sem best úr garði gerð. Óska samtökin eftir auknu samráði á þessu sviði á fyrri stigum mála.

Samtökin telja að horfa þurfi á netöryggis og fjarskiptamál með heildstæðari hætti en gert er í stefnunni. Netöryggi á Íslandi byggir fyrst og fremst á öflugum gagnatengingum og öryggi á þeim fjarskiptasæstrengjum sem tryggja samband landsins við umheiminn. Mikilvægt er að sama eftirlit og það sem gildir um aðila á markaði gildi um þá fjarskiptainnviði sem hið opinbera rekur, til að mynda fjarskiptasæstrengi sem eru í eigu og rekstri FARICE, og að stjórnvöld tryggi varnir gegn netárásum á þessa strengi.

Einnig er mikilvægt að markaðseftirlit sé ekki meira íþyngjandi en hið evrópska regluverk gerir ráð fyrir og nauðsynlegt er að hafa í huga að rekstraraðilar nauðsynlegrar þjónustu og veitendur stafrænnar þjónustu fara nú þegar í gegnum ítarlegar gæðavottanir á starfsemi sinni. Mikilvægt er að tekið sé tillit til þess í eftirliti Fjarskiptastofu að fyrirtæki sem þegar vinna eftir vottuðum upplýsingastöðlum þurfi ekki að sinna viðbótarúttektum með tilheyrandi tvíverknaði. Samtökin hvetja einnig til að gætt sé að meðalhófi og andmælarétti á öllum stigum máls og að veittir séu hæfilegir tímafrestir.



Þá telja samtökin óskýrt hver beri kostnaðinn af auknu eftirliti af hálfu FjarSKIPastofnunar og leggur SI því til að eftirlitið verði fjármagnað af hinu opinbera þar sem ljóst er að úttektir geta reynst fyrirtækjum afar kostnaðarsamar.

Að lokum leggja samtökin áherslu á mikilvægi þess að CERT-ÍS starfi sjálfstætt og að netöryggissveitin sé ekki of tengd eftirlitshluta FjarSKIPastofu.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Nanna Elísa Jakobsdóttir'.

---

Nanna Elísa Jakobsdóttir  
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og  
hugverkasviði Samtaka iðnaðarins.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Heiðrún Björk Gísladóttir'.

---

Heiðrún Björk Gísladóttir,  
Verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði  
Samtaka atvinnulífsins